

Ár 2010, föstudaginn 9. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og meðdómsmönnum Ragnheiði Thorlacius og Sigurði Gísla Gíslasyni, héraðsdómurum, í málinu nr. S-199/2010:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson saksóknari)

gegn

X

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 8. apríl sl. á hendur ákærða, X.

„fyrir kynferðisbrot, fimmtudaginn 7. maí 2009, að B-götu, með því að hafa berað á sér kynfærin fyrir framan stúlkuna K, og látið hana afklæðast að hluta og káfað á líkama hennar, þar með talið á kynfærum hennar og rassi utan klæða.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 11. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu D, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, K, er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 900.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr.

38/2001 frá 7. maí 2009 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt sakborningi, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, til greiðsludags.“

Málavextir.

Þann 20. maí 2009 höfðu D og E samband við lögreglu í því skyni að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot gagnvart dóttur þeirra, K, brotþola í máli þessu. Kom fram hjá D að brotþoli hafi kvöldið áður sagt henni að hún hafi séð typpi á kallinum í bláa húsinu og kvaðst D strax hafa gert sér grein fyrir því að um ákærða hafi verið að ræða. Kvaðst hún vita til þess að brotþoli hafi nokkrum sinnum komið á heimili ákærða þrátt fyrir að henni hafi verið bannað það. Þann 7. maí sama ár hafi D verið tilkynnt að brotþoli væri inni hjá ákærða og hafi hún þá hringt í E sem hafi náð í hana þangað. E kvaðst hafa rætt við dóttur sína að kvöldi 7. maí og hafi þá komið fram hjá henni að hún ætti leyndarmál en vildi ekki segja frá því með hverjum hún ætti leyndarmálið. Hún hafi hins vegar ekki viljað tala um það sem gerst hafi inni hjá ákærða. Þau hafi í framhaldi af þessu haft samband við barnavernd og hafi starfsmaður þar rætt við brotþola án þess að nokkuð sérstakt hafi komið fram, annað en að hún hafi komið á heimili ákærða og ætti leyndarmál með honum sem hún mætti ekki segja frá.

Faðir brotþola skýrði svo frá hjá lögreglu að D, móðir brotþola, hafi hringt í hann milli kl. 18 og 19 að kvöldi 7. maí og skýrt honum frá því að G hafi sagt henni að brotþoli væri inni hjá ákærða. Hafi D sagt honum að ákærði væri „barnaperri“ og hafi hann þá farið sjálfur á staðinn. Er hann hafi gengið upp C-götu hafi hann séð hvar brotþoli kom gangandi niður vegarspotta sem liggja á milli C-götu og B-götu. Hafi hún sagt að hún hafi verið hjá vini sínum og bent á hús við hliðina á húsi ákærða og hafi húsráðendur þar staðfest að hún hafi verið þar fyrr um daginn. Hann kvaðst hafa rætt við brotþola um kvöldið og hafi hún þá spurt hann hvort ákærði væri hættulegur og hvort hann væri vondur við börn. Hún hafi einnig spurt hvort hann væri með hættulegar hendur og hafi hann þá sagt henni að ákærði mætti ekki snerta hana. Hafi hún þá spurt hvort ekki væri í lagi að hann snerti hana rólega en hann hafi sagt að það mætti ekki heldur. Kvöldið eftir hafi brotþoli farið í bað með yngri systur sinni og þegar hún hafi þurrkað sér hafi hún sett handklæðið í klof sér og búið til eins konar getnaðarlim. Hún hafi ekki viljað svara því hvað hún væri að gera en orðið kjánaleg og spurt á móti hvað hann héldi að þetta væri. Hún hafi snúið út úr þessu og farið að tala um að hún hafi séð þetta á mömmu sinni, ömmu og kisunni og hafi í framhaldi af því sett handklæðið aftur fyrir sig og búið til eins konar skott. Á laugardagskvöldinu hafi hún farið að tala um að hún ætti leyndarmál sem hún hafi ekki viljað segja móður sinni en ekki sagst muna það þegar hann hafi spurt hana hvort hún vildi segja honum leyndarmálið.

Móðir brotþola skýrði svo frá hjá lögreglu að um kl. 18 umræddan dag hafi G hringt í hana og sagt henni að hún hafi séð brotþola inni í sólhýsinu við heimili ákærða. Hafi hún látið föður brotþola vita og jafnframt tjáð honum að ákærði væri einhvers konar „barnaperri“. Hún kvað brotþola ekki hafa tjáð sig neitt við hana um kvöldið en hún kvaðst hafa verið búin að banna henni að fara heim til ákærða.

Komið hafi fram hjá brotþola að hún ætti eitthvert leyndarmál en hún hafi ekki viljað tjá sig frekar um það. Um kvöldið 19. maí hafi brotþoli verið að koma úr sturtu og eitthvað verið að glenna sig og sagt að hún hafi séð typpið á sex ára frænda sínum. Þá hafi hún einnig sagt að hún hafi séð typpið á kallinum í bláa húsinu. Í framhaldi af því hafi þær farið í eins konar ritaraleik og hafi brotþoli þá farið að lýsa herbergjaskipan á heimili ákærða. Hafi hún lýst því að hún og ákærði hafi verið inni á baðherbergi og ákærði verið nakinn þar inni en hún ber að ofan. Hafi ákærði síðan strokið henni á maganum, handleggjum og eyrum. Hafi brotþoli sagt að í húsinu væri eitt blátt herbergi og annað rautt. Þá hafi verið herbergi með fullt af kössum og þá hafi hún talað um að hafa farið inn í eldhús og verið að steikja fisk með ákærða. Hún hafi einnig talað um að hafa farið niður í kjallara, þar hafi verið þvottahús með þvottavél og þurrkara. Þann 25. maí hafi brotþoli talað um að ákærði hafi strokið henni neðar en á maganum og hafi hún bent á klofið á sér. Hafi hún tekið fram að hann hafi strokið henni utan á buxunum. Eftir að hún hafi sagt frá þessu hafi hún virst átta sig á því að hún mætti ekki segja frá þessu, sett sængina upp fyrir höfuð og farið að gráta.

Ákærði mun hafa verið erlendis þegar kæra var lögð fram á hendur honum en lögreglan ræddi við hann á heimili hans 12. júní 2009. Ákærði kannaðist við að brotþoli hafi komið heim til hans umræddan dag og hafi þau spjallað saman á pallinum. Hún hafi verið ræðin en ekki komið inn í húsið. Hann kannaðist við að hafa sýnt henni útskorinn hest sem hann hafi verið með inni í sólhýsinu. Hann neitaði sakargiftum.

Ákærði var yfirheyrður daginn eftir og neitaði sök. Hann kvað brotþola hafa komið upp á pallinn til sín og hafi hann verið að tala í símann. Hann minnti að hún hafi verið með hest á priki og kvaðst hann þá hafa sagt henni að hann skyldi sýna henni hestinn sinn og sótt hest inn í sólhýsið sem hann hafi tálgað. Ákærði mundi ekki hvort hann hafi verið að elda fisk og hann neitaði því að brotþoli hafi farið inn í húsið, hún hafi staðið í gættinni að sólhýsinu. Hann kannaðist ekki við að hún hafi að hluta til farið úr fötum og þá neitaði hann að hafa pissað á gólfíð eða sýnt henni typpið á sér. Ákærði var einnig yfirheyrður 18. febrúar sl. og hélt hann enn fram sakleysi sínu. Við það tækifæri voru bornar undir ákærða kærur sem komið höfðu fram frá tuttugu konum sem töldu sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu ákærða fyrir áratugum síðan, allt að fjörutíu árum. Ekki þykir ástæða til að rekja þá málavexti nánar en upplýst var undir rekstri málsins að þau mál hafi verið felld niður af hálfu ákærvaldsins.

Samkvæmt gögnum málsins átti H sálfræðingur fimm viðtöl við brotþola áður en hún gaf skýrslu í Barnahúsi. Samkvæmt skýrslu hennar dagsettri 25. maí 2009 fóru fjögur viðtalanna fram á leikskóla barnsins dagana 11., 12., 13. og 20 maí 2009 og eitt á skrifstofu sálfræðingsins 22. maí sama ár, en þar mun móðir hennar hafa verið viðstödd. Í fyrsta viðtalinu hafi brotþoli neitað að hafa farið inn í bláa húsið, hafi hún sagt tilkynnanda hafa verið að plata, hún hafi bara verið í garðinum þar sem maðurinn hafi sýnt henni gulan hest og einnig fisk sem hann hafi ætlað að elda. Hún hafi oft hitt hann í garðinum, en mamma hennar segði hann vera vondan því hann myndi snerta börn en hann hafi aldrei snert hana. Hún hafi jatað að eiga leyndarmál sem tengdist manningnum í húsinu. Í öðru viðtalinu hafi hún sagt að hún hafi margoft farið inn í húsið og sagði að maðurinn væri góður og skemmtilegur. Hún greindi frá bláu baðherbergi, svörtu svefnherbergi og rauðu gestaherbergi og grænu eldhúsi. Hafi maðurinn sagt að hún mætti engum segja að

hún hafi verið inni hjá honum. Hún hafi kunnað skil á einkastöðum á líkamanum en neitað því að einhver hafi snert hana þar. Í þriðja viðtalinu hafi hún sagt að hún hafi farið inn á baðherbergi með manninum, hurðin hafi verið lokað svo mamma hennar myndi ekki heyra leyndarmálið. Aðspurð hvort leyndarmálið væri eitthvað sem hann hafi sagt eða gert og hafi hún þá sagt það fyrrnefnda. Áður en fjórða viðtalið fór fram mun móðir brotþola hafa greint sálfræðingnum frá því að hún hafi sagt að maðurinn hafi sýnt henni typpið á sér. Í skýrslu sálfræðingsins segir að brotþoli hafi greint frá því að maðurinn hafi sýnt á sér naflann inni á baðherbergi. Aðspurð hvort það væri leyndarmálið hafi hún fyrst játað því en síðan sagt „nei, það er leiðinlegt“. Sálfræðingurinn spurði þá hvort það væri rétt sem hún hafi greint mömmu sinni frá að maðurinn hafi sýnt henni typpið á sér og hafi brotþola þá brugðið við spurninguna og svarað henni játandi. Hafi hún þá sagt manninn hafa gyrt niður um sig buxur og nærbuxur og sýnt á sér typpið. Brotþoli mun ekki hafa verið tilbúin að ræða atburðinn í fimmta viðtalinu en eftir það viðtal munu brotþoli og móðir hennar hafa farið í svokallaðan skrifstofuleik en hann gangi út á það að segja hvorri annarri satt frá. Hafi brotþoli þá greint frá því að hún hafi verið inni á baðherbergi með manninum, hann án fata og hún ber að ofan. Hann hafi strokið henni um magann, hendurnar og eyrun. Eftir að hún hafi greint frá þessu hafi hún ekki viljað ræða málið frekar við móður sína.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla sálfræðingsins I dags. 9. mars sl., en honum hafði verið falið að meta þroska, hvatir, almennt heilbrigðisástand og hugarfar ákærða og þá var honum einnig falið að meta hættu á frekari kynferðisbrotum. Fram kemur að sálfræðingurinn hafi haft undir höndum gögn varðandi mál það sem hér er til meðferðar auk skýrslna frá um 20 konum sem hafi borið á hann að hafa nokkrum áratugum áður brotið kynferðislega gegn þeim. Í skýrslunni kemur fram að ákærði kannist við atvik frá árinu 1993 sem varði sonardóttur hans sem þá hafi verið fimm ára gömul. Hafi hann oft passað hana og í eitt skipti hafi hann dottað fyrir framan sjónvarpið er hann hafi rumskað við það að barnið var að strjúka á honum liminn. Hafi hann talið að hún hafi séð typpið á honum, byrjað að þreifa á því og hafi það þá tekið ósjálfrátt við sér. Hafi þetta leitt til þess að hann hafi farið í áfengismeðferð en á þessu tímabili hafi hann drukkið mikið. Í skýrslunni segir um þroska ákærða að hann sé vel greindur, með sérstaka hæfileika á sjónræna sviðinu. Langtímaminni hans sé gott en vinnsluminni slakt en slaka mælingu á því sviði megi rekja til álags og kvíða próftaka. Engin merki séu um taugasálfræðileg vandamál. Hann neiti því að hafa kynferðislegan áhuga á stúlkubörnum, eingöngu fullorðnum konum. Þó geti verið að hann hafi áhuga á að láta börn sjá sig nakinn þó hann játi það ekki beint. Hann sé með gott minni, félagslegur skilningur hans sé með ágætum og í raun ekkert nema drykkja sem geti verið áhættuþáttur. Telur sálfræðingurinn því mjög líklegt og sérstaklega í ljósi fjölda mála í gegnum árin að ákærði hafi einmitt áhuga á stúlkubörnum. Segir hann í ljósi gagna að meginþemað virðist vera að hann beri sig fyrir stúlkubörnum, en einnig virðist hann hafa áhuga á margvíslegum hlutum varðandi stúlkubörn. Séu kærur mjög líkar og lýsi mjög líkum aðstæðum og hegðun hans gagnvart stúlkubörnum.

Lögreglan hefur skoðað símagögn í máli þessu og kemst að þeirri niðurstöðu að brotþoli hafi verið við hús ákærða um kl. 16:47 og hafi ekkert til hennar spurst fyrr en kl. 18:21 er komið var að henni á gangi frá B-götu að C-götu.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi umræddan dag verið heima hjá sér milli hálf fimm og fimm að tálga úti í sólhýsi er síminn hafi hringt. Hafi J nágranni hans verið í símanum en þeir eigi sláttuvél saman og hafi hann talað um að best væri að hún væri hjá ákærða meðan nágranninn væri í útlöndum. Brotapoli hafi þá komið og hafi hún verið í einhvers konar Zorro búningi og þá hafi hún verið prik milli fótanna og hafi verið hesthaus á endanum. Hún hafi sýnt honum þetta og þá hafi hann sagst eiga hest líka og spurt hana hvort hún vildi ekki koma inn og sjá hann. Hún hafi játað því í fyrstu en þegar hún hafi verið komin í gættina þá hafi hún stöðvað og sagt að mamma hennar vildi ekki að hún væri inni hjá ókunnugu fólki. Hann hafi sagt henni að fara eftir því sem mamma hennar segði og hafi hann þá sótt hestinn og sýnt henni. Hafi þetta allt tekið u.þ.b. 1 til 2 mínútur og hafi hún þá farið en ákærði haldið áfram að tálga. Annað hafi ekki gerst að sögn ákærða. Ákærði kvaðst einu sinni áður hafa rætt við brotapolu, hann hafi verið að dunda með tré norðan við húsið, þ.e.a.s. fyrir framan gluggann þar sem hún eigi heima, og kvaðst hann hafa verið að höggva með flugbeitri exi. Hún hafi fært sig nær honum og hafi honum ekki verið vel við það því að hún hafi verið kvik. Hún hafi séð að hurðin í kjallarann hafi verið opin og hafi hún spurt hvort hún mætti kíkja niður í kjallarann. Ákærði kvaðst hafa játað því og verið feginn að vera laus við hana. Hún hafi dvalið þar í nokkrar mínútur, komið síðan og kvatt. Hann kvaðst ekki hafa haft önnur samskipti við brotapolu og neitaði því að hafa sýnt henni typpið á sér eða haft í frammi einhverja kynferðislega tilburði gagnvart henni. Hann kannaðist ekki við að hafa talað um að eitthvað ætti að vera leyndamál milli þeirra.

Brotapoli gaf dómskýrslu í Barnahúsi 11. júní sama ár. Hún var spurð að því hvort einhver hafi gert eitthvað skrytið við líkama hennar og sagði hún þá að einhver sem hún mundi ekki hvað hétu hafi snert þjölluna sína. Hún sagði hann búa í bláu húsi og hafi hún verið í buxum þegar það gerðist. Hún sagði mömmu K hafa verið að plata þegar hún hafi sagt að brotapoli hafi farið inn í húsið. Þá rifjaðist upp fyrir henni að sá sem búi í bláu húsinu heiti L og hafi mamma hennar sagt henni það. Hún sagði hann einnig hafa snert rassinn en hún hafi einnig verið í buxunum. Hún játaði því að hann hafi gert eitthvað við líkama sinn en mundi ekki hvað það var. Þá tók hún fram að M segði að hann væri góður en hún sagði að hann væri vondur af því að hann hefur gert eitthvað vont við börn. Aðspurð hvernig hún vissi það sagði hún mömmu sína hafa sagt sér það. Hún tók fram að hann hafi ekki verið vondur við hana og þætti hún skemmtileg. Hún kvaðst hafa farið oft inn til mannsins í bláu húsinu og vissi til þess að hann hafi verið að elda fisk og þá hafi hann sýnt henni mjúkan hest sem hafi verið úti. Hún kvað manninn hafa sýnt sér fiskinn í sólhúsinu þar sem pallurinn er. Hann hafi gefið henni fisk að borða og einnig súkkulaðiís. Brotapoli varð óróleg í viðtalinu og fór út úr viðtalsherberginu. Þegar hún sneri aftur var hún spurð að því hvort maðurinn hafi sýnt henni eitthvað af líkamanum sínum. Hún neitaði því í fyrstu en aðspurð hvort hann hafi einhvern tíma sýnt henni typpið sitt játaði hún því og kvað það hafa gerst inni á klósetti. Hafi hann gyrt niður um sig og pissað óvart á gólfíð og þá sagt „obbosía“. Hafi hann þá sagt henni að segja ekki mömmu og pabba frá. Hún tók einnig fram að maðurinn hafi kúkað á gólfíð, en leiðrétti það strax og sagði hann

hafa kúkað í klósettið. Hún kvaðst þó ekki hafa verið inni á klósettinu þegar það gerðist en heyrt það því hurðin hafi verið opin. Aðspurð hvort maðurinn hafi gert eitthvað við líkama hennar þegar hann hafi sýnt henni typpið neitaði hún því og hún neitaði því einnig að hann hafi gert eitthvað við líkama sinn. Nánar aðspurð kvað hún þau hafa verið inni á baði þegar maðurinn hafi sýnt henni typpið, snert á henni þjölluna og rassinn. Hún kvað hann ekki hafa reynt að pissa í klósettið og þá kvað hún typpið hans hafa verið lítið. Hún játaði spurningu um hvort hún hafi farið úr fötunum og kvaðst hafa farið úr buxum og peysu en verið í „nariunum“. Fyrst sagði hún mömmu sína hafa fattað upp á því að hún færi úr fötunum og þá neitaði hún því að hafa farið úr buxunum í bláa húsinu. Hún kvaðst í fyrstu ekki þora að segja hvar hún hafi farið úr buxunum og peysunni en síðan kvað hún það hafa gerst í bláa húsinu inni á baði hjá mannum þegar hann hafi pissað á gólfíð.

Móðir brotþola skýrði svo frá fyrir dómi að brotþoli hafi verið úti að leika sér eins og hún hafi verið von að gera eftir leikskóla, en þangað hafi hún verið sótt um kl. fjögur. Hafi hún farið að leika sér við strák í næsta húsi. Hafi G þá hringt um sexleytið og sagt að hún hafi séð brotþola í húsinu eða í sólhúsinu hjá ákærða og kvaðst hún þá hafa hringt í föður brotþola. Þau hafi farið að leita að henni en hún hafi síðan komið heim. Þau hafi spurt hana hvort hún hafi verið inni hjá ákærða en hún hafi neitað því í fyrstu, ekki viljað segja neitt, farið að gráta og verið mjög leið yfir þessu. Þá hafi hún neitað því að hafa talað við ákærða. Daginn eftir hafi þau leitað ráða hjá presti sem hafi bent þeim á að tala við H sálfræðing, en hún hafi ekki verið við. Hún kannaðist ekki við að brotþoli hafi verið í Zorro búningi og kvað hana ekki eiga slíkan búning. Hún kvaðst hafa verið búin að banna brotþola að fara inn í hús ákærða því hún hafi heyrt sögur af því að hann væri að berháttu sig fyrir framan fólk. Eftir þetta hafi brotþoli farið að sýna af sér alls konar hegðun sem hún hafi aldrei sýnt áður, eins og að berháttu sig og sýna á sér þjölluna. Hún kvað þær hafa farið í leik 2-3 dögum síðar sem þær hafi kallað ritaraleik og hafi þær spurt hvor aðra spurninga og þá hafi komið fram að ákærði hafi sýnt typpið á sér og þá hafi hún sagt að hún hafi verið ber að ofan en í nærbuxunum og hann hafi strokið á sér magann og bakið utan klæða og einnig þarna niðri eins og hún hafi komist að orði. Hafi þetta gerst inni á baðherbergi hans. Hún kvað þetta hafa komið frá henni sjálfri og hafi hún ekki spurt hana þessara spurninga. Hún hafi lýst einhverjum herbergjum þarna, hvernig þau hafi verið á litinn og tekið fram að hann hafi sýnt henni einhvern hest, mjúkan hest. Hann hafi verið að steikja fisk og gefið henni og leitt hana niður kjallaratröppur þar sem verið hafi þvottavél og þurrkari. Hún kvað brotþola eftir þetta aldrei vilja vera heima, hún hafi bara viljað vera hjá ömmu sinni og afa og þegar hún hafi verið heima hafi hún dregið fyrir gluggana, ekki viljað sjá hús ákærða og þá hafi hún verið að kíkja og spyrja hvort hann væri heima, hvort hann væri að vinna einhvers staðar og væri hún mjög óörugg. Hún kvað svefn brotþola hafa breyst eftir þetta, hún hafi verið mjög óróleg, grátið og farið að pissa undir, en hún hafi verið hætt því. Eftir að þessi frásögn barnsins hafi legið fyrir hafi þau lagt fram kæru hjá lögreglu og leitað aðstoðar hjá H.

Vitnið N, amma brotþola, skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi umræddan dag verið stödd í Reykjavík. Hún hafi hitt brotþola daginn eftir en seinna hafi hún tekið eftir því að brotþoli hafi farið að verða grátgjörn, sótt meira í að sofa hjá þeim og pissað meira undir, en hún hafi nánast verið hætt því. Hún kvað hana hafa forðast að horfa út um gluggann hjá sér þar sem hús ákærða blasti við og hafi hún viljað vera annars staðar í herberginu en við gluggann. Hún kvað líðan brotþola

hafa batnað, einkum eftir skýrslutöku í Barnahúsi og hafi verið eins og hún hafi létt á sér.

Vitnið E, faðir brotþola, skýrði svo frá fyrir dómi að móðir brotþola hafi hringt og sagt að brotþoli væri í húsi ákærða. Hann kvaðst hafa sagt henni að drífa sig bara á staðinn og ná í hana. Hann hafi hlaupið af stað, komið yngri dóttur sinni í pössun og hitt móður brotþola. Hann kvaðst hafa séð brotþola á gangi og spurt hana hvar hún hafi verið og hvað hún hafi verið að gera. Hún hafi sagt að hún hafi verið hjá einhverjum vini sínum og er hann hafi spurt nánar út í það hafi hún orðið flóttaleg. Hún hafi bent á húsið sem hún hafi verið í og hafi þar verið staðfest að hún hafi verið þar fyrir um daginn. Hann kvaðst einnig hafa fengið það upp úr henni að hún hafi verið í húsi ákærða, hún hafi gefið honum steina og hann hafi sýnt henni hest. Hann kvaðst þá hafa hringt á lögregluna. Ekki hafi komið alveg skýrt frá henni hvort hún hafi verið inni en hann kvaðst hafa skilið hana með þeim hætti. Um kvöldið hafi hún komið til vitnisins og sagst eiga leyndarmál sem hún mætti ekki segja neinum eða hún mætti ekki segja mömmu sinni og er hann hafi spurt hvort hún mætti segja honum það, þá hafi hún sagt að hún myndi það ekki. Hann kvað ekki hafa komið fram hjá henni hvert leyndarmálið væri en hegðun hennar hafi orðið mjög skrytin. Eftir að hún hafi verið í baði hafi hún rúllað upp handklæðinu eða tekið það og sett á milli föta sér. Er hann hafi spurt hana hvað hún væri að gera hafi hún orðið mjög vandræðaleg og hafi það endað með því að hún hafi sett það aftur fyrir sig og sagt að þetta væri skott. Hún hafi spurt hvort ákærði væri vondur við börn, hvort hendurnar hans væru hættulegar og hvort hann mætti snerta hana. Hann kvað ekki hafa komið fram að ákærði hafi snert hana en tók fram að hann hafi ekki viljað spyrja hana of mikið um það.

Vitnið O, eiginkona ákærða, skýrði svo frá fyrir dómi að hún myndi ekkert sérstaklega eftir umræddum degi. Hún kvaðst ekki vita hver brotþoli væri og vissi ekki til þess að hún hafi komið á heimili vitnisins. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við neitt óvenjulegt í fari ákærða um þessar mundir en þau hafi fljótlega farið til útlanda og hafi ekkert virst íþyngja honum. Hún kvaðst trú á sakleysi ákærða og benti á að þau væru búin að vera gift í 50 ár og kvaðst hún vita svona nokkurn veginn hvenær hann væri að skrökva og hvenær ekki. Hún kvað ákærða hafa fengið mikið áfall þegar kærán kom fram eftir að þau hafi komið heim.

Vitnið I sálfræðingur gaf símaskýrslu fyrir dómi og staðfesti sálfræðiskýrslu sína. Hann kvaðst hafa greint ákærða með barnahneigð sérstaklega í ljósi þeirra gagna sem hann hafði undir höndum, en um hafi verið að ræða ítrekaðar kærur og virtist honum allt benda til að hann hafi kynferðislegan áhuga á stúlkubörnum.

Vitnið G skýrði svo frá fyrir dómi að móðir hennar hafi tjáð sér að sést hafi til brotþola þar sem hún hafi farið inn til ákærða. Hún kvaðst hafa reynt að ná sambandi við móður brotþola en ekki náð í hana fyrir en um einum og hálfum tíma eftir að sést hafi til brotþola. Hún kvaðst á þessum tíma hafa verið búin að vera að kíkja inn í sólhús ákærða en ekki séð brotþola þar. Hún kvaðst hafa séð þegar faðir brotþola kom og sótti hana, en þá hafi hún verið í garði ákærða. Vitnið tók fram að hún hafi „lent í“ ákærða þegar hún hafi verið lítil og kvaðst hún hafa tekið á móti foreldrum brotþola daginn eftir í fyrsta viðtal sem starfsmaður Barnaverndar en ekkert komið að málinu eftir það.

Vitnið K skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi verið að koma úr vinnunni milli hálf fimm og fimm er hún sá brotþola á tröppunum að tala við ákærða. Hún kvað sér hafa brugðið vegna þess að dóttir hennar hafi lent í atviki þegar hún hafi verið um 5 ára. Hún hafi ekki vitað hvar stúlkan átti heima og hafi hún þá reynt að hringja í G dóttur sína en hún hafi ekki svarað. Eftir nokkurn tíma hafi hún náð í G og taldi hún að G hafi náð sambandi við foreldra brotþola. Hún kvaðst ekki hafa séð brotþola fara inn í hús ákærða.

Vitnið P skýrði svo frá fyrir dómi að K eiginkona hans hafi sagt honum frá því að hún hafi séð barn banka á B-götu, hjá ákærða og hafi hún haft áhyggjur af því. Er hann hafi verið mættur til vinnu hafi faðir brotþola hringt og sagt að eitthvað hafi örugglega komið fyrir dóttur hans. Móðir brotþola hafi ekki virst hafa eins miklar áhyggjur og kvaðst hann hafa bent henni á að ef henni fyndist eitthvað hafa komið fyrir hana væri henni velkomið að hafa samband ef þau vildu að eitthvað yrði gert frekar í málinu.

Vitnið R skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi komið heim til sín úr vinnu um hálf sex leytið og hafi hann þá séð brotþola úti í garði hjá honum. Hann minntist þess að nokkrum dögum áður hafi sonur hans boðið brotþola að koma inn til þeirra að leika en hún hafi sagt að hún mætti það ekki. Hún hafi umrætt sinn komið nokkrum mínútum seinna og sagt að hún væri búin að tala við mömmu sína og að hún ætti að koma heim klukkan hálf sjö aftur. Hún hafi verið uppi í herbergi að leika með syni vitnisins og hafi hún verið látin fara heim á tilsettum tíma. Örfáum mínútum síðar hafi foreldrar hennar komið og spurt hvort hún hafi verið hjá þeim. Hann varð ekki var við ákærða við þetta tækifæri.

Vitnið S leikskólakennari skýrði svo frá fyrir dómi að brotþoli hafi verið á deildinni hjá henni og kvaðst hún hafa tekið eftir breyttri hegðun hjá henni stuttu eftir umrætt atvik, hún hafi verið þögul, meira inni í sér, lokuð og ekki eins og hún átti að sér að vera. Foreldrar hennar hafi komið að máli við vitnið og beðið um aðstoð, hvernig þau ættu að koma sem eðlilegast fram við hana og hvað þau ættu að gera og hafi þau rætt það. Hún kvaðst hafa ráðlagt þeim að leita til H og fá þá hjálp sem væri í boði. Hún kvaðst ekki hafa rætt við brotþola um atvikið. Hún kvað brotþola hafa verið tápmikla, hressa og hvatvísa, en allt í einu hafi hún farið að verða lokuð og alvarleg. Hafi þessi mikla breyting sést strax. Hún kvað brotþola vera mjög einlæga stúlku og kvaðst ekki hafa orðið vör við að hún væri ósannsögul.

Vitnið H sálfræðingur skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi sem starfsmaður barnaverndarnefndar verið fengin til þess að ræða við stúlkuna eftir grunur hafi vaknað um að hún hafi orðið fyrir einhvers konar áreitni . Hún kvaðst hafa rætt við hana í fjögur skipti á leikskólanum og síðan í eitt skipti á skrifstofu. Hún kvaðst eftir það hafa vísað málinu í Barnahús og tekið nokkur meðferðarviðtöl við hana að því loknu. Hún kvað brotþola ekki hafa átt sérstaklega auðvelt með að ræða þessa hluti, hún hafi átt auðvelt með að ræða allt annað og hafi þurft að hafa svolítið fyrir því að fá hana til að segja hvað hafi gerst og þess vegna hafi hún tekið svona mörg viðtöl. Stúlkan hafi verið svolítið óstýrilát og misst athyglina fljótt ef umræðunni hafi verið beint að umræddu atviki. Hún hafi sagt að hún hafi farið inn í bláa húsið eins og hún kallaði það, lýst þar einhverjum herbergjum og sagst hafa farið inn á þaðherbergi. Hún hafi fyrst sagt að hún hafi ekkert hafa farið þarna inn, síðan einu sinni, síðan margoft. Hún hafi greint frá því að hún hafi farið inn á þaðherbergi og

þar hafi verið læst af því að hann hafi viljað segja henni frá leyndarmáli. Vitnið tók fram að hún hafi ekki sagt frá þessu fyrir en hún hafi verið spurð beint. Hún hafi greint móður sinni frá því að hún hafi fengið að sjá typpið á manningnum, hann hafi gyrt niður um sig og hafi hún aðspurð játað því. Hafi þetta komið fram í síðasta viðtalinu á leikskólanum en fram að því hafi hún sagt að hún hafi bara átt leyndarmál sem hún hafi ekki viljað segja frá, það væri leiðinlegt en hún hafi farið þarna inn á það og þau hafi lokað svo enginn myndi heyra leyndarmálið. Hafi komið skýrt fram að leyndarmálið væri á milli hennar og ákærða. Vitnið kvað þessa frásögn barnsins hafa komið fram eftir að það hafi farið í svokallaðan ritaraleik með móður sinni. Vitnið kvað könnunarviðtölin hafa tekið um 20-30 mínútur og hafi enginn annar verið viðstaddur. Í síðasta viðtalinu á skrifstofu vitnisins hafi móðir hennar verið viðstödd og þá hafi þetta ekkert verið rætt og hafi hún virst leið á þessu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nein merki þess að barnið þekkti ekki muninn á réttu og röngu en hún hafi átt það til að bulla og hafi hún þá þurft að stöðva hana. Þegar hún hafi ekki viljað ræða atvikið hafi hún orðið svolítið kjánaleg, falið sig eða beint umræðunni annað. Hún hafi alltaf verið svolítið jákvæð gagnvart ákærða, hún hafi sagt að hann væri góður og hann væri góður við hana og gæfi henni ís. Vitnið kvaðst hafa tekið umrædd viðtöl í samráði við lögreglu og Barnahús og hún skýrði fjölda viðtalanna með þeim hætti að þeim hafi fundist að þau væru ekki með mikið í höndunum, stúlkan hafi alltaf verið að segja að hún ætlaði að segja frá á morgun. Að því leyti hafi þetta mál verið ólíkt öðrum málum.

Vitnið J skýrði svo frá fyrir dómi að hann og ákærði ættu sláttuvél saman en lóðir þeirra liggi saman. Vitnið hafi verið að fara til útlanda og kvaðst hann hafa rætt við ákærða í síma til þess að fá að vita hvort hann þyrfti á sláttuvélinni að halda á meðan. Hann mundi ekki eftir því að komið hafi fram að einhver væri kominn inn á lóðina hjá ákærða en hann kvaðst skömmu eftir samtalið hafa farið með sláttuvélina til ákærða og skilið hana eftir við bílskúrinn hjá honum. Hann kvaðst ekki hafa talað við ákærða þá og ekki hafa orðið var við mannaferðir á lóðinni, húsinu eða garðskála ákærða.

Vitnið T lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi að eftir að ákærði hafi verið kominn heim frá Danmörku hafi honum verið kynnt að komin væri fram kæra á hendur honum fyrir kynferðisbrot. Hann hafi virst vera hissa á því en hann hafi kannast við að stúlka hafi komið til hans en ekki að hún hafi komið inn til hans. Hann hafi spjallað við hana fyrir utan, hún hafi ekki komið inn í húsið. Vitnið hafi þá sagt ákærða að stúlkan hafi talað um hest sem hún hafi skoðað og hafi ákærða þá helst dottið í hug að hann hafi verið að sýna henni tréhest sem hann hafi skorið út og hafi verið inni í sólhúsi. Ákærði hafi neitað sakargiftum og ekki mundi vitnið eftir misræmi í frásögn hans. Eftir að rannsókn málsins hófst hafi fjöldi kvenna gefið sig fram og talið ákærða hafa brotið gegn sér kynferðislega fyrir mörgum árum. Hafi þetta haft áhrif á þann tíma sem rannsókn málsins hafi tekið.

Vitnið U rannsóknarlögreglumaður gaf símaskýrslu fyrir dómi. Hann skýrði ástæður þess að rannsókn málsins hafi tekið svo langan tíma sem raun bar vitni með þeim hætti að borist hafi kærur á hendur ákærða frá miklum fjölda kvenna vegna ætlaðra kynferðisbrota. Hafi málið dregist sökum þess að ákveðið hafi verið að rannsaka þau mál.

Niðurstaða.

Ákærða er gefið að sök að hafa umræddan dag berað á sér kynfærin fyrir framan brotþola, látið hana afklæðast að hluta og káfað á líkama hennar, þar með talið á kynfærum hennar og rassi utan klæða. Ákærði neitar sök en hefur kannast við að hafa rætt við brotþola í gættinni hjá sér og sýnt henni hest sem hann hafi tálgað en hún hafi ekki komið inn til hans þá. Hafi hún sagt að móðir hennar vildi ekki að hún væri inni hjá ókunnugu fólki. Ákærði kannast við að hafa áður talað við brotþola, hann hafi þá verið að höggva í tré með flugbeittri exi er hún hafi komið til hans og fengið leyfi hans til að fara niður í kjallara og hafi hún dvalið þar í nokkrar mínútur.

Vitnið K hefur borið að hún hafi séð brotþola við útidyrhurð ákærða og samkvæmt gögnum málsins virðist það hafa verið um kl. 16:47. Henni var þá kunnugt um að G dóttir hennar hafi borið á ákærða að hann hafi leitað á hana þegar hún var barn að aldri og virðist það ástæða þess að hún reynir að hringja í hana til að tilkynna um ferðir brotþola. Ekkert þeirra vitna sem gefið hafa skýrslu í máli þessu virðist hafa séð brotþola fara inn í hús ákærða. Vitnið R hefur borið að hann hafi komið heim til sín úr vinnu um hálf sex leytið og hafi hann þá séð brotþola úti í garði hjá sér. Hún hafi komið nokkrum mínútum síðar og fengið að leika við son vitnisins og hafi hún verið þar, sennilega til kl. 18:21. Samkvæmt framansögðu eru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um ferðir brotþola frá kl. 16:47 til kl. 17:30.

Eins og rakið hefur verið gaf brotþoli ekki skýrslu í Barnahúsi fyrr en 11. júní 2009, en þá var liðinn rúmur mánuður frá atburðum. Fram að þeim tíma fór hún í fimm viðtöl hjá H sálfræðingi. Þá hefur einnig komið fram að móðir brotþola gerði sér far um að fá brotþola til þess að skýra frá atvikum og í þeim tilgangi fóru þær í svokallaðan ritaraleik þar sem brotþoli virðist fyrst skýra frá því að ákærði hafi sýnt henni typpið á sér. H og móður brotþola greinir á um það hvenær umræddur ritaraleikur fór fram, móðirin sagði leikinn hafa farið fram 2-3 dögum eftir atburðinn en samkvæmt skýrslu H skýrði móðir brotþola henni frá því að brotþoli hafi greint sér frá því að ákærði hafi sýnt henni typpið á sér áður en fjórða viðtalið fór fram, en það var þann 20. maí 2009. Þá segir í skýrslunni að móðirin hafi sagt leikinn hafa farið fram eftir fimmta viðtalið, en það mun hafa verið 22. maí sama ár.

Í dómskýrslu sinni í Barnahúsi sagði brotþoli móður K hafa verið að plata þegar hún hafi sagt að brotþoli hafi farið inn í húsið. Þá tók hún fram að M segði að hann væri góður en hún sagði að hann væri vondur af því að hann hefur gert eitthvað vont við börn. Aðspurð hvernig hún vissi það sagði hún móður sína hafa sagt sér það. Hún tók fram að hann hafi ekki verið vondur við hana og þætti hún skemmtileg. Þá kvaðst hún oft hafa farið inn til mannsins í bláa húsinu. Hún neitaði því í fyrstu hvort maðurinn hafi sýnt henni eitthvað af líkama sínum en aðspurð hvort hann hafi einhvern tíma sýnt henni typpið sitt játaði hún því og kvað það hafa gerst inni á klósetti. Hafi hann gyrt niður um sig og pissað óvart á gólfið og sagt henni að segja ekki mömmu og pabba frá. Aðspurð hvort maðurinn hafi gert eitthvað við líkama hennar þegar hann hafi sýnt henni typpið neitaði hún því

og hún neitaði því einnig að hann hafi gert eitthvað við líkama sinn. Nánar aðspurð kvað hún þau hafa verið inni á baði þegar maðurinn hafi sýnt henni typpið, snert á henni þjölluna og rassinn. Hún kvað hann ekki hafa reynt að pissa í klósettið og þá kvað hún typpið hans hafa verið lítið. Hún játaði spurningu um hvort hún hafi farið úr fötunum og kvaðst hafa farið úr buxum og peysu en verið í „naríunum“. Fyrst sagði hún móður sína hafa „fattað“ upp á því að hún færi úr fötunum og þá neitaði hún því að hafa farið úr buxunum í bláa húsinu.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fer skýrslutaka af brotaþola fram fyrir dómi í þeim tilvikum ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og hann hefur ekki náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst. Þessi háttur hefur verið hafður á hér á landi frá 1. maí 1999 við gildistöku laga nr. 36/1999. Hefur í réttarframkvæmd verið miðað við að skýrsla brotaþola liggi fyrir eins fljótt og unnt er, m.a. til þess að draga úr líkum á því að aðrir geti haft áhrif á framburð brotaþola. Sérstaklega ber að hafa í huga að brotaþoli í málum af þessu tagi nýtur oft aðstoðar barnaverndaryfirvalda og hefur verið talið æskilegt að skýrsla hafi verið tekin af brotaþola áður en slík meðferð hefst. Þá er nauðsynlegt að verjandi hafi verið viðstaddur skýrslutöku, að öðrum kosti hefur verið talið að skýrslan hafi takmarkað sönnunargildi.

Í máli þessu liggur fyrir að grunur vaknaði þegar í upphafi um að brotaþoli hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu ákærða og var lögreglu og barnaverndaryfirvöldum það ljóst. Hér var um að ræða rúmlega fimm ára gamalt barn en allt að einu var ekki hlutast til um að brotaþoli gæfi skýrslu fyrir dómi í samræmi við framangreind lagaákvæði fyrr en rúmum mánuði eftir samskipti barnsins við ákærða. Hafði barnið þá ítrekað, eða í fimm skipti, verið yfirheyrt um atvik hjá sálfræðingi og á heimili sínu lét móðir þess það taka þátt í sérstökum leik í þeim tilgangi að fá fram frásögn þess af því sem gerst hafi. Dómskýrsla brotaþola ber þess merki að í einhverjum tilvikum hefur framburður brotaþola litast af því sem móðir hennar hefur tjáð henni. Verður að telja að þessi málsmeðferð fram að skýrslugjöf brotaþola fyrir dómi hafi verið til þess fallin að rýra sönnunargildi þess vitnisburðar sem þar fékkst fram og verður því ekki byggt á honum við sönnunarmat í máli þessu. Ákærði hefur neitað sök og þar sem engum öðrum sönnunargögnum er til að dreifa sem sýna fram á sekt hans að þessu leyti verður ekki hjá því komist að sýkna hann af ákæru í máli þessu.

Með hliðsjón af þessum úrslitum ber að vísa bótakröfu brotaþola frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála.

Með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála verður allur kostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð, þar með talin þóknun skipaðs verjanda hans, Björgvins Þorsteinssonar hrl., 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, svo og annar útlagður sakarkostnaður samkvæmt yfirliti sækjanda, 392.306 krónur. Þá greiðist einnig úr ríkissjóði þóknun skipaðs réttargæslumanns bótakrefjanda, Páleyjar Borgþórsdóttur, hdl., 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 48. gr., 216. gr. og 2. mgr. 218. gr. sömu laga, vegna starfa hennar á rannsóknarstigi málsins og jafnframt vegna starfa hennar við að halda fram kröfunni fyrir dómi svo og útlagður kostnaður hennar, 19.020 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ragnheiði Thorlacius og Sigurði Gísla Gíslasyni

héraðsdómurum. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómarar og sakflytjendur töldu ekki þörf endurflutnings, sbr. 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Bótakröfu D, f.h. ólögráða dóttur sinnar, Kr, er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda hans, Björgvins Þorsteinssonar hrl., 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, svo og annar útlagður sakarkostnaður samkvæmt yfirliti sækjanda, 392.306 krónur. Þá greiðist einnig úr ríkissjóði þóknun skipaðs réttargæslumanns bótakrefjanda, Páleyjar Borgþórsdóttur, hdl., 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti vegna starfa hennar á rannsóknarstigi málsins og jafnframt vegna starfa hennar við að halda fram kröfunni fyrir dómi svo og útlagður kostnaður hennar, 19.020 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Ragnheiður Thorlacius

Sigurður Gísli Gíslason.